

Mál nr. 411/2019

M og

V v/ slysa- og sjúkratryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu tímabundinnar óvinnufærni af völdum sjúkdóms.**Gögn.**

Málskot, móttakið 7.11.2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf umboðsaðila V, dags. 12.2.2020.

Málsatvik.

M hafði í gildi slysa- og sjúkratryggingu sem nefnist „Starfsvernd hjá breska váttryggjandanum V. Með tjónstilkynningu, dags 7. janúar 2019, gerði M kröfu um bætur úr váttryggingunni vegna algjörar óvinnufærni tímabilið 6. desember 2018 til 6. janúar 2019 í kjölfar aðgerðar sem hún gekkst undir á hné hinn 6. desember 2018.

Fyrir liggur óvinnufærnisvottorð A, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum, dags. 18. desember 2018 vegna óvinnufærni M vegna sjúkdóms á ofangreindu tímabili. Einnig ligg fyrir upplýsingar í tjónsskýrslu undir svokallaðri „medical report“ dags. 8. mars 2019 frá sama lækni. Þar svarar læknirinn stöðluðum spurningum frá umboðsaðila váttryggjanda um eðli veikinda M og tímasetningar í tengslum við hvenær læknirinn skoðaði M fyrst og hvenær og hversu lengi óvinnufærni hennar varði.

Með bréfi, dags 1. nóvember 2019, var bótaskyldu hafnað úr váttryggingunni af hálfu V. Er í því efni vísað til þess að sjúkdómur M hafi fyrst greinst árið 2014 og eigi því ekki undir þann váttryggjanda sem M sé þá tryggð hjá, auk þess sem segir í bréfi umboðsaðila V að ekki hafi verið „... tilkynnt um umræddan sjúkdóm á heilsufarsyfirlýsingum.“

Í skilmálum váttryggingarinnar er hugtakið „illness“ skilgreint svo: „**Illness** means sickness or disease, the symptoms of which first appear during the **Period of insurance** and which solely and independently of any other causes results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear.“

Álit.

Ekki er að fullu ljóst hvað nákvæmlega er átt við með hugtakinu „veikindi“ („illness“) í skilmálum váttryggingarinnar þegar það er gert að skilyrði að veikindin þurfi að hafa leitt til algjörar óvinnufærni innan tólf mánaða samfellds tímabils eftir að einkenni komu fyrst fram (results in **Your** total disablement within twelve consecutive months after the symptoms first appear“). Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda samninga, má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Svo umrætt ákvæði váttryggingarskilmálans fari ekki í bága við þetta ákvæði laga verður að skýra hugtakið veikindi („illness“) svo að þau teljist hafa orðið þegar einkenni hafa fyrst komið fram sem gefa tilefni til að ætla að veikindin, ein og sér og óháð öðrum sjúkdómseinkennum, kunni að hafa óvinnufærni í för með sér innan tólf mánaða samfellds tímabils.

Í máli M liggja ekki fyrir nægilega skýrar læknisfræðilegar upplýsingar um að veikindi sem leiddu til óvinnufærni hennar í einn mánuð, frá desember 2018 fram í janúar 2019, hafi komið upp fyrr en á árinu 2018. Ekki er gerð með nokkrum hætti grein fyrir þeim einkennum sem M mögulega leitaði til læknis vegna á árinu 2014 og hvernig þau tengjast óvinnufærni hennar á árinu 2018. Verður V að bera hallann af því að þau gögn liggja ekki fyrir. Með vísan til þessa verður samkvæmt gögnum málsins ekki talið sannað að veikindi samkvæmt skilgreiningu skilmálanna hafi orðið fyrr en skömmu áður en M varð óvinnufær í desember 2018. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að M eigi rétt til bóta úr váttryggingunni fyrir tímabundna óvinnufærni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir tímabundna óvinnufærni úr slysa- og sjúkratryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.